



Fjölskylduráð - Erindisbréf

1. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta eða öðrum fundi, að afloknum sveitarstjórnarkosningum, kjósa fimm fulltrúa í fjölskylduráð til eins árs og jafnmarga til vara. Fulltrúar eru síðan kosnir í júní ár hvert. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann fjölskylduráðs úr hópi kjörinna ráðsmanna.,

2. gr.

Fjölskylduráð skal að jafnaði halda fund á föstum tíma, eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður ráðsins eða að minnsta kosti tveir ráðsmenn óska þess. Ráðsfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum. Ráðið getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins. Ennfremur getur ráðið boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

Ráðsmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna, samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að ráðsmaður lætur af þeim störfum.

3. gr.

Eftirtaldar fagnefndirheyra undir fjölskylduráð:

Barnaverndarnefnd.

Fjölmenningarráð

Öldungaráð

Ráðgjafaráð um málefni fatlaðs fólks.

Fjölskylduráð getur kosið starfsnefndir til að vinna að einstökum, afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnar og fyrr ef verkefni starfsnefndar er lokið. Fjölskylduráð getur einnig afturkallað umboð slíkra starfsnefnda hvenær sem er.

4. gr.

Sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs undirbýr ráðsfundi í samráði við formann. Hann sér um að fjölskylduráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá, að minnsta kosti einum sólarhring fyrir fund. Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar fjölskylduráðs getur fyrirvari um fundarboðun verið skemmri.



Hafnarfjörður

Fulltrúum í fjölskylduráði er skylt að sækja alla fundi ráðsins, nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Geti ráðsmaður ekki sótt fund skal hann boða varamann í sinn stað. Sé fulltrúi forfallaður um lengri tíma skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til formanns.

Fulltrúa ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Fulltrúi sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarstað við meðferð og afgreiðslu þess. Ráðsmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli ráðsins á því.

Fundur telst lögmætur ef löglega er til hans boðað og meira en helmingur fulltrúa er mættur á fundinn. Fjölskylduráð getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

5. gr.

Formaður fjölskylduráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari þar löglega og skipulega fram. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar gilda um meðferð mála í ráðinu, eftir því sem við á. Formaður úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar ráðsins.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í fjölskylduráði þótt það sé ekki tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver ráðsmanna óskar þess.

6. gr.

Fjölskylduráð fer með umsjón og eftirlit eftirtalinna málaflokka:

Fjölskylduráð fer með umsjón og eftirlit eftirtalinna málaflokka:

- Félagshjónusta sbr. lög um félagshjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
- Barnaverndarmál, sbr. barnaverndarlög nr. 80/2002 og barnalög nr. 76/2003.
- Húsnæðismál, sbr. lög nr. 44/1998
- Málefni fatlaðs fólks, sbr. lög nr. 38/2018. Varðandi þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.
- Málefni aldraðra, sbr. lög nr. 125/1999.
- Málefni flóttamanna og umsækjenda um alþjóðlega vernd sbr. lög nr. 80/2016
- Samþætting þjónustu í þágu barna, sbr. lög um samþættingu þjónustu í þágu barna nr. 86/2021
- Fjölmeningarmál

7. gr.

Sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs hefur heimild til að afgreiða eftirtalin mál sem eru á verkefnasviði fjölskylduráðs:



Hafnarfjörður

1. umsóknir um fjárhagsaðstoð samkvæmt reglum Hafnarfjarðarkaupstaðar um fjárhagsaðstoð nr. 411/2020.
2. umsóknir um leiguhúsnæði skv. lögum um húsnæðismál nr. 44/1998 og reglum um úthlutun á almennu leiguhúsnæði Hafnarfjarðarkaupstaðar, frá 3. maí 2005 og undanþágur frá þeim,
3. umsóknir um sérstakan húsnæðisstuðning skv. 2. mgr. 45. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
4. umsóknir um heimaþjónustu skv. reglum um heimaþjónustu Hafnarfjarðarkaupstaðar.
5. umsóknir um búsetu fyrir fatlað fólk,
6. umsóknir um akstursþjónustu skv. reglum um akstursþjónustu í Hafnarfirði.
7. umsóknir um stoðþjónustu skv. lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.
8. Umsóknir um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA).

Sviðsstjóri getur ávallt óskað eftir því að fjölskylduráð taki fullnaðarákvörðun í máli. Fjölskylduráð skal upplýst reglulega um afgreiðslu mála sem eru á verkefnasviði fjölskylduráðs.

8. gr.

Fjölskylduráð gerir tillögur til bæjarstjórnar og bæjarráðs um afgreiðslu mála sem lúta að; gerð fjárhagsáætlunar, viðauka við fjárhagsáætlun, lántökum og gjaldskrá.

Fjölskylduráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um sérstakar samþykktir varðandi starfshætti á fjölskyldusviði og þeirra stofnana sem reknar eru á sviðinu.

Fjölskylduráði er heimilt að staðfesta samninga viðskipta- og fjárhagslegs eðlis ef þeir rúmast innan ramma fjárhagsáætlunar ársins, svo og að staðfesta samninga sem snúa að kaupum á föstum þjónustupáttum þó samið sé til lengri tíma. Öllum öðrum samningum skal vísað til samþykktar bæjarráðs/bæjarstjórnar.

Fjölskylduráð hlutast ekki til um daglegan rekstur og starfsemi þeirra stofnana sem heyrja undir ábyrgðar- og eftirlitssvið ráðsins. Engu að síður skal ráðinu gerð grein fyrir fjárhagslegri stöðu sviðsins reglulega. Ráðið hefur ekki boðvald yfir starfsfólki stofnana né starfsfólki velferðarsviðs. Ráðsmenn koma ekki að ráðningum.

Önnur þau mál sem fjölskylduráð fær til meðferðar hljóta fullnaðarafgreiðslu á vettvangi ráðsins nema lög mæli á annan veg.

Ætíð skal þó vísa máli til afgreiðslu bæjarstjórnar ef tveir ráðsmenn, hið minnsta, æskja þess.

9. gr.



Hafnarfjörður

Fundargerðir fjölskylduráðs skulu teknar á dagskrá bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum fundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar bæjarstjórnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar bæjarstjórnar ber að taka þær sérstaklega fyrir, enda sé í fundargerð ráðsins skilmerkilega gerð grein fyrir þeirri fyrirætlan, með tillögu til bæjarstjórnar þar að lútandi.

10. gr.

Mál er afgreitt í fjölskylduráði með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, bæjarstjórnar eða sviðsstjóra fjölskyldu- og barnamálasviðs. Ráðið getur vísað málum til umsagnar annarra ráða, fagnefnda eða sviðsstjóra fjölskyldu- og barnamálasviðs

Ráðsmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í ráðinu. Heimilt er að hafa bókanir lengri þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun og ársreikninga.

Málum sem varða fjárhagsáætlun og málum utan þess sem kveðið er á um í henni, skal vísa til bæjarráðs.

Fjölskylduráði er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

11. gr.

Sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs starfar með fjölskylduráði og ber ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum þess sé hrint í framkvæmd. Hann situr fundi ráðsins og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

12. gr.

Á grundvelli heimildar í 6. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga starfar sérstök málskotsnefnd fjölskylduráðs. Áfrýjunarnefndin er skipuð þremur fulltrúum kjörnum af fjölskylduráði til loka kjörtímabils. Formaður fjölskylduráðs er formaður áfrýjunarnefndarinnar.

Ákvörðunum fjölskyldu- og barnamálasviðs í einstaklingsmálum, er unnt að skjóta til málskotsnefndar fjölskylduráðs til endanlegrar ákvörðunar. Endanleg ákvörðun málskotsnefndar fjölskylduráðs er skilyrði fyrir því að unnt sé að kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar velferðarmála, sbr. heimild í 6. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Afgreiðsla málskotsnefndar skal lögð fram til staðfestingar á næsta fundi fjölskylduráðs.

13. gr.



Hafnarfjörður

Fjölskylduráð getur ráðið sérstakan fundarritara, utan ráðsins, til að annast ritun fundargerða í gerðabók ráðsins. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitja fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema fjölskylduráð ákveði annað.

Ráðið skal halda gerðabók og ritari skal færa fundargerð í gerðabók. Um ritun fundargerða fer eftir leiðbeiningum innanríkisráðuneytisins um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. 15. gr. bæjarmálasamþykktar.

Ráðsmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

14. gr.

Erindisbréf þetta byggist á; ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum, stjórnslutölum nr. 37/1993 og samþykkt fyrir stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar. Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í fjölskylduráði og bæjarstjórn Hafnarfjarðar og tekur þá þegar gildi og fellur þá jafnframt úr gildi fyrra erindisbréf, frá 7. desember 2011.